

**Ed.**

**506. Nefndarálit**

[99. mál]

um frv. til l. um skráningu og mat fasteigna.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið á nokkrum fundum, þ. á m. á sameiginlegum fundum með fjárhags- og viðskiptanefnd Nd.

Umsagnir bárust frá Verkfræðingafélagi Íslands, Reykjavíkurborg, Sambandi ísl. sveitarfélaga, Fasteignamati ríkisins, Þjóðhagsstofnun, bæjarstjórn Akureyrar og Þróunarstofnun Reykjavíkurborgar.

Til fundar við nefndina komu Þorsteinn Ólafsson deildarstjóri í fjármálaráðuneytinu, Gaukur Jörundsson prófessor og Guttormur Sigurbjörnsson forstjóri Fasteignamats ríkisins.

Nefndin mælir með því að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum sem koma fram á þskj. 505.

Nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja öðrum breytingartillögum.

Alþingi, 7. apríl 1976.

Halldór Ásgrímsson,  
form., frsm.

Jón Helgason,  
fundaskr.

Axel Jónsson.

Bragi Sigurjónsson.

Ragnar Arnalds.  
Jón G. Sólnes.

Albert Guðmundsson.